



Svalbarðsstrandarhreppur

## Útboð á skólaakstri Valsárskóla fyrir komandi skólaár.

Svalbarðsstrandarhreppur óskar eftir tilboðum í skólaaksturs í Svalbarðsstrandarhreppi, skólaárin 2019-2020, 2020-2021, 2021-2022.

Helstu magntölur eru: Ein leið er ekin tvisvar á dag (Valsárskóli – Fífuhvammur – Garðsvík – Valsárskóli (24 km).

Útboðsgögn eru til afhendingar án endurgjalds í afgreiðslu sveitarfélagsins í ráðhúsinu frá og með mánudeginum 24. júní 2019.

Frestur til að skila inn tilboðum er til kl 13:30 föstudaginn 12. júlí næstkomandi og eru áætluð verklok vorið 2022. Heimilt er að framlengja samninginn til eins árs í senn, þó ekki oftar en tvisvar sinnum.

---

Ráðhúsinu Svalbarðseyri · 601 Akureyri · Sími 464 5500 · [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

## HUNDAGERÐI

Nýtt hundagerði hefur verið opnað á Svalbarðseyri. Gerðið er rétt um 100 m<sup>2</sup> og eru hundeigendur hvattir til þess að nýta sér þessa aðstöðu. Félagarnir Gunnar og Ómar sendu erindi til umhverfis- og atvinnumálanefndar þar sem óskað var eftir því að reist yrði hundagerði og reynsla fengin á hvort slíkt gerði myndi nýtast hundeigendum, öruggt svæði þar sem hundar fái að vera frálsir og hlaupa um. Þeir félagar leggja ríka áherslu á snyrtimennsku og að hundeigendur hreinsi upp eftir hunda sína. Hundagerðið er norðan við Sundlaugina og við hliðina á matjurtargarðinum.



## SAFNASAFNIÐ Á SVALBARÐSSTRÖND

Laugardaginn 13. júlí kl. 14.00 verður opnuð farandsýning sem gefur góðar vísbendingar um það ferskasta í alþýðulist á Norðurlöndum, með áherslu á textílverk frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð



Á sama tíma eru sýnd fjölbreytt íslensk verk sem gæla við skilningarvitin og formgerðir hugarflugsins. Í loftinu er ilmur frá fjarlægum menningarkimurum og lækurinn hjalar meðfram safnhúsunum, óþeytandi þrastarkliður flögrar í trjánum og sýningagestir falla í stafi yfir nálægð náttúrunnar og útsýnisins til fjallanna, fram dali og út í hafsauga þar sem sólin kyssir sjóndeildarhringinn

Safnasafnið er opið daglega frá klukkan 10:00 til 17:00 til 8. september.

---

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhæpps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

---

## FJÁRÖFLUN 8.-10. BEKKJAR

Krakkarnir í Valsárskóla 8.- 10. bekkur eru að safna fyrir útskriftarferðinni sinni ásamt skólafélögum úr Valsárskóla. Þau erum með þennan salernispappír til sölu:

WC pappír 48 stk á 7.000.-

WC pappír 24 stk á 3.500.-

Kirkland WC pappír 40 rúllur á 5.000.-

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum!

Endilega hafið samband við Fjólu Þórhalls, Smáratúni 1, í síma 892-0773.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

18. júlí - Gráa / brúna tunnan

1. ágúst - Gráa / brúna tunnan

8. ágúst - Græna tunnan

---

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 14. ágúst.

Skilafrestur er til kl. 15:00 mánudaginn 12. ágúst.